

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 137

Febrúar 2017

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 28. febrúar 2017 í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Efni fundarins: Hefðbundin aðalfundarstörf.

Að loknum aðalfundarstörfum verða sýndar þrjár stuttar kvikmyndir um ferðir og rannsóknar á Vatnajökli.

ADALFUNDUR

Aðalfundur Jökларannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 28. febrúar 2017 kl. 20:00 í sal 132 í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Kjör heiðursfélaga
3. Skýrsla stjórnar
4. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
5. Lagabreytingar (engar tillögur hafa borist)
6. Kosning stjórnar
7. Kjör valnefndar
8. Kosning endurskoðenda
9. Önnur mál

Vélsleðaferð á Vatnajökul 1946, Bárðarbunguborunin 1972 og flutningur skála á Goðahnjúka 1979

Eftir aðalfundarstörf er ætlunin að sýna þrjár stuttar kvikmyndir sem Páll Franzson hefur ýmist sett saman eða lagfært og búið til sýningar. Fyrsta myndin sýnir þegar farið var í fyrsta sinn á beltatæki um Vatnajökul, í ágúst 1946. Sex manna hópur fór á vélsleða Rannsóknaraðs á jökul við Kistufell og þaðan í Grímsvötn, á Bárðarbungu og í Kverkfjöll. Þetta voru þeir Steinþór Sigurðsson, Egill Kristbjörnsson, Einar Sæmundsson, Sigurður Þórarinsson, Einar B. Pálsson og Árni Stefánsson. Árni tók myndina.

Rúmum aldarfjórðungi síðar eða vorið 1972 var efnt til eins víðamesta rannsóknaverkefnis sem unnið hefur verið á Vatnajökli. Boruð var 420 m djúp hola í suðurhlíðum Bárðarbungu. Samfelldur ískjarni náðist og í honum voru þau gjóskulög sem fallið höfðu á jökulinn á 300 ára tímabili. Sjálfboðaliðar JÖRFÍ unnu að verkinu með vísindamönnum, m.a. við flutninga á ískjarna, vistum og fólki. Enn þann dag í dag, 45 árum síðar, er Bárðarbungukjarninn sá langlengsti sem náðst hefur í íslenskum jökli. Valur Jóhannesson tók upp mest af myndefninu.

Þriðja myndin er kvikmynd sem Páll hefur sett saman um flutning skála á Goðahnjúka 1979.

MÆLINGAFERÐ Á MÝRDALSJÖKUL

Laugardaginn 14. maí 2016 var farið til afkomumælinga JÖRFÍ á Mýrdalsjökli í björtu blíðskaparveðri. Ferðin markaði einnig upphaf 6 daga langrar mæliferðar Jöklahóps Jarðvísindastofnunar á jökulinn. Þátttakendur í ferð JÖRFÍ voru á annan tug en farið var á tveimur bílum á jökulinn, Jökla-Rauð JÖRFÍ og GMC-Savana bifreið Veðurstofunnar. Báðum bílum fylgdu afkomuborar með öllu tilheyrandi, og því skiptu áhafnir bílanna á milli sín mælipunktum. Vetrarafkoman var mæld, eins og flest síðustu ár, á Goðabungu og tveimur stöðum á hásléttu Mýrdalsjökulsöskjunnar (í 1500, 1380 og 1350 m hæð). Nú var einnig mælt á Sléttjökli (norðanverðum Mýrdalsjökli) í 1000 og 800 m hæð, nálægt jafnvægislínu og skammt frá jökulsporði. Afkomumælingar gengu vel fyrir sig og að þeim loknum héldu flestir þátttakendur heim að kvöldi dags. Til viðbótar við þær afkomumælingar sem gerðar voru í þessari ferð mældi Jarðvísindastofnun afkomu jökulsins í um 200 m hæð á Sólheimajökli.


Auk hefðbundinna afkomumælinga voru ýmsar aðrar mælingar gerðar þennan sama dag og í mæliferð Jarðvísindastofnunar næstu fimm daga á



Hópur jökklarannsóknafólks mælir vetrarafkomu á Mýrdalsjökli. Mynd: Ágúst Þór Gunnlaugsson.

eftir. Sett var upp sjálfvirk veðurstöð skammt frá afkomumælistað í 1350 m hæð. Safnað var um 250 km af snjóþykktarsniðum, víða um hájökulinn og Sléttjökul, með snjóradar sem Landsvirkjun lagði til. Rösklega 600 km löng íssjármælisnið voru mæld innan Kötluöskjunnar í þeim tilgangi að kortleggja jökulbotninn í meiri smáatriðum en þegar hefur verið gert, sér í lagi undir sigkötluum. Að auki var komið fyrir sjálfvirkri GPS mælistöð í botni sigketils sem er efst á ísasviði Sólheimajökuls (þetta er ketill sem hefur fengið númerið 6 í rannsóknum síðustu ára). Stærstur hluti ofangreindra mælinga voru gerðar í tengslum við rannsóknarverkefnið Katla kalda, sem styrkt er af Rannís og hefur það að markmiði að auka skilning á eðli og virkni sigkatla á Mýrdalsjökli og víðar.

Risjótt haustveður og aðrar annir urðu til þess að það dróst á langinn að vinna haustmælingar, en hugmyndin var að fara snemma í september. Að endingu var farið 26. september og veður- og GPS mælistöðvar teknar niður. Líklega voru þá afkomustikurnar þrjár á hájöklinum fallnar og komnar á kaf í nýsjó, þær fundust ekki. Ekki gafst tækifæri til að vitja um afkomuvírana tvo á norðanverðum jöklinum. Mælingar á sumarleysingu fengust þó við veðurstöðina í 1350 m hæð og á Sólheimajökli í 200 m hæð.



Veðurstöð á Mýrdalsjökli í um 1350 m hæð y.s. Mynd: Finnur Pálsson.

Helstu niðurstöður afkomumælinga á Mýrdalsjökli, jökulárið 2015-2016, eru eftirfarandi: Mesta snjóþykkt að vori mældist 11,2 m í 1350 m hæð en reyndist tæplega 4,5 m í 800 m hæð á Sléttjökli. Vetrarafkoma mældist: ~-3, 2.5, 3.9, 6.0, 4.6 og 4.1 m að vatnsgildi (í 200, 800, 1000, 1350, 1380 og 1500 m hæð). Sumarleysing við veðurstöðina er metin 2.5 m vatns og ársafkoma þar því nærri 3.5 m. Samkvæmt gögnum úr sjálfvirku veðurstöðinni hófst leysingartímabilið á hájöklinum snögglega þann 26. maí og lauk í fyrstu viku september. Um 1 metri af nýsjó var yfir hásléttu Kötluöskjunnar 26. september. Sumarleysing í 200 m hæð á Sólheimajökli mældist nærri 8 m vatns, ársafkoma þar þá 11 m vatns (rúmlega 12 m þynning íss) því vetrarleysing var nærri 3 m eins og áður var nefnt.

Eyjólfur Magnússon og Finnur Pálsson



Rösklega 600 km af íssjármælnisniðum voru mæld innan Kötluöskjunnar. Mynd Finnur Pálsson.

GJÖRFÍ

Gönguferðir GJÖRFÍ, gönguhóps Jöklarannsóknafélagsins, eru á allra færi og eru að jafnaði farnar annan hvern mánudag kl. 18:00. Í forsvari fyrir hópnum eru Ástvaldur Guðmundsson og Þóra Karlsdóttir. Dagskráin fram á haust er hér að neðan.

<u>Dags.</u>	<u>Áfangastaður</u>	<u>Brottför</u>
27. feb.	Heiðmörk Vífilstaðahlíð	Heiðmerkurhlíð
13. mars	Rauðavatn	Morgunblaðshúsið
27. mars	Garðaholt og Hleinar	Hrafnista Hafnarfirði
10. apr.	Hafravatn / Reykjaborg	Select Vesturlandsv.
24. apr.	Búrfellsgjá	N1 Hafnarfirði
8. maí	Tröllafoss	Select Vesturlandsv.
22. maí	Kringum Helgafell	N1 Hafnarfirði
Sumarfrí		
21. ágúst	Dyradalir	Select Vesturlandsv.
4. sept.	Straumur	N1 Hafnarfirði
18. sept.	Úlfarsfjell	Skógrækt, Hamrahlíð

KÚNSTIR NÁTTÚRUNNAR OG GRÍMSVATNAGRALLARI

Á aðalfundi JÖRFÍ verða sem fyrr til sölu „[Kúntir náttúrunnar](#)“, tveggja diska safn söngva og myndefnis sem tengist Sigurði Þórarinssyni (kr. 4.000,-), og „[Grímsvatnagrallari](#)“, endurprentað hefti með sönglögum jöklamanna og nýjum formála (kr. 2.000,-). Á fundinum verður einungis hægt að greiða með reiðufé. Frekari upplýsingar eru á vef félagsins: „<http://jorfi.is>“.

SPORÐAMÆLINGAR HAUSTIÐ 2016

Borist hafa niðurstöður frá 32 sporðamælingastöðum frá haustinu 2016. Alls hoga jöklar við 19 mælistaði en ganga fram við 4. Á nokkrum stöðum svo sem við Snæfellsjökul og á Tröllaskaga eru ennþá snjófyrningar eftir snjóamikinn vetur 2014 til 2015 en skaflarnir hafa þó minnkað sumarið 2016 enda sumarið eitt af þeim hlýjustu frá upphafi mælinga. Líkt og áður eru nokkrir staðir þar sem aðrar aðstæður hindra mælingar, svo sem tilflutningur Súlu framan við Skeiðarárjökul vestanverðan og ístunga á floti framan við Heinabergsjökul. Við Falljökul stendur jökulsporðurinn svo í stað.

Í ágúst 2016 rakst gönguhópur á gamalt jöklamerki framan við Síðujökul og mældi Hlynur Skagfjörð Pálsson, sem var leiðsögumaður hópsins, frá merkinu að jökli. Með þessu náðist fyrsta mæling á þessum mælistað síðan 2003 en jökulinn hefur hopað um hátt í kílómetra á þessum 13 árum. Jöklamerkið var stæðileg stöng með númeruðum platta og því auðvelt að átta sig á um hvaða merki ræðir. Þetta sýnir mikilvægi þess að vera með stæðileg auðþekkt merki eða að nýta sér tæknina með því að halda vel utan um staðsetningu jöklamerkja með GPS hnitum. Það er því rétt að hvetja sporðamælingafólk til að senda okkur nákvæmar lýsingar og mælda staðsetningu á gömlum sporðamælingamerkjum.

Í mæliferð Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu að Heinabergsjökli var notast við dróna til að taka myndir af jöklinum og kanna aðstæður við jökulsporðinn. Af myndum úr drónanum kom í ljós að ísjaðarinn sem mælt var að er ekki raunverulegur jaðar jökulsins heldur jaðar ístungu sem er á floti í lóninu framan við jökulinn. Þetta var ekki sjáanlegt af jörðu niðri. Frá mælistaðnum séð virðist ístungan vera áföst jöklinum. Það er áhugavert að heyra af því hvernig jöklamælingamenn beita tækninýjungum við könnun jökulsporðanna þó að gamalgrónu mæliaðferðirnar með málbandi og merkjum framan við jökul séu að sjálf-sögðu enn í fullu gildi.

Umtalsverðar sveiflur hafa mælst í afkomu íslenskra jökla á síðustu árum. Stóru jöklarnir þrír, Vatnajökull, Hofsjökull og Langjökull, bættu

til dæmis við sig jökulárið 2014 til 2015 í fyrsta skipti í um tvo áratugi en rýrnuðu svo aftur jökulárið 2015 til 2016. Nokkrir jöklar gengu fram haustið 2016 og/eða haustið 2015 og er mögulegt að það sé viðbragð við jákvæðri afkomu. Annars er svörun jökulsporða við afkomusveiflum flókin og háð viðbragðstíma sem fer eftir stærð, lögun, afkomusögu og öðrum eiginleikum hvers skriðjökuls. Viðbragðstíminn er því bæði breytilegur eftir jöklum og tímabilum. Það er þó ljóst að sé afkoma neikvæð árum saman, líkt og hefur verið undanfarið að jökulárinu 2014 til 2015 undanskildu, munu jöklarnir minnka og sporðarnir hörfa. Við lifum því á tímum mikilla breytinga í náttúrunni. Vert er að hafa í huga að þessar breytingar eru því miður á ábyrgð okkar mannfólksins og að það er líklega frekar bölvun en blessun að lifa á áhugaverðum tímum.

Bergur Einarsson



Horft yfir Skeiðará til Skaftafellsjökuls (til vinstri) og Svínafellsjökuls (til hægri). Á milli jöklanna er Hafrafell með Hrútfjallstinda í bakgrunni, til vinstri rís Skarðatindur og Öræfajökull til hægri. Ólafur Magnússon, 1920.

VORFERÐ JÖRFÍ

Vorferð Jökларанnsóknafélagins er alla jafna farin í lok maí eða byrjun júní og stendur yfir í um viku, þó stundum hafi verið farið í tveggja vikna ferðir. Yfirleitt eru um 25 þátttakendur í ferðinni: sjálfboðaliðar úr JÖRFÍ og framhaldsnemar í jarðvísindum, ásamt vísinda- og tækni-mönnum frá m.a. Jarðvísindastofnun Háskólans og Veðurstofu Íslands. Fjöldi sæta í ferðinni er takmarkaður en alltaf eru einhverjir nýir félagar með för.

SKÁLAGJÖLD 2017

Á fundi stjórnar Jökларannsóknafélagsins 16. janúar síðastliðinn var samþykkt að gjaldskrá fyrir gistingu í skálum félagsins árið 2017 verði óbreytt frá fyrra ári og er því sem hér segir:

	Félagsmenn kr/nótt/mann	Utanfélagsmenn kr/nótt/mann
Grímsfjall	3.500,-	4.500,-
Jökulheimar	3.000,-	4.000,-
Esjufjöll	3.000,-	4.000,-
Aðrir skálar	2.000,-	3.000,-

Tekið er við fyrirspurnum um bókanir í skálana á vef félagsins: ”<http://jorfi.is/>”, en á síðunni er ítarlegar upplýsingar varðandi bókanir og skálana.

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Hálfván Ágústsson